



## Umsókn um styrk

## Umsækjandi:

Nafn:	Lárus Vilhjálmsson	Kennitala:	1502612449
Netfang:	larus@gaflaraleikhúsid.is	Sími:	8607481
Styrkur:	Bæjarráðsstyrkur		

## Forsvarsmáður:

Nafn:		Kennitala:	
Netfang:		Sími:	

## Tilfni umsóknar, stutt lýsing:

**UNGLINGURINN ?** leikrit fyrir unglínga, foreldra, kennara og restina líka. Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson hafa samið leikrit um hvernig er að vera unglíngur í dag og vilja sækja um 500.000 styrk til bæjarráðs til að koma sýningunni á laggirnar. Þar sem þeir hafa ekki aðgang að íbúagátt Hafnarfjarðarbæjar sækir ég um fyrir þeirra hönd. (Lárus Vilhjálmsson) Þeir eru báðir í unglíngadeild í grunnskólum Hafnarfjarðar. Arnór er að fara í 10 bekk í Setbergsskóla og Óli er að fara í 9 bekk í Öldutúnskóla. Báðir hafa þeir komið töluvert nálægt leiklist og skapandi áhugamálum í gegnum tíðina. (Sjá meðfylgjandi ferilsskrá) Þeir nálguðust okkur í Gaflaraleikhúsinu með þá hugmynd að gera leikrit um það hvernig er að vera unglíngur í dag. Við tókum að sjálfsögðu vel í hugmyndina og hvöttum þá til að skrifa enda er þetta mjög í anda þess leikhúsuppeldis sem við viljum stuðla að í bænum en við höfum síðustu tvo skólaár haldið utan um leiklistarkennslu í 8-9 og 10 bekk í grunnskólunum. Þessir strákar hafa góða reynslu miðað við aldur og hafa bæði leikið og skrifað töluvert og eftir að hafa kíkt á handritið þá vitum við að hér er á ferðinni frábært handrit, verðmæt hugmynd og leikrit sem þjónar vel tilgangi jafningjafraeðslu. Við í Gaflaraleikhúsinu ætlum að leggja til góðan leikstjóra og faglega umgjörð til að hjálpa strákunum að gera vandaða sýningu. Ætlunin er svo að sýna fyrir mið- og unglíngadeildir í grunnskólum landsins. Sýnt verður í Gaflaraleikhúsinu en sýningin er einnig hugsuð sem ferðasýning. Leikstjóri verður Björk Jakobsdóttir. (Sjá meðfylgjandi ferilsskrá) Leikritið er byggt upp í uppistands-stíl með leiknum senum. Handritið er meinfyndið en á sama tíma mjög einlægt og tekur á öllum helstu málum sem brenna á unglíngum á þessum aldri. Í verkinu er tekið á hlutum eins og einelti, samskiptum við stelpur, samkynhneigð og samskiptum við kennara og foreldra. Hvernig upplifa unglíngar skólann, fréttir og pólitík? Unglínga húmor, unglínga komplexar eins og bólur eða rétt gelað hár og að vera að deyja úr minnimáttarkennd og það að þurfa alltaf að vera með töffaragrímu án þess að hafa hugmynd um afhverju. Hvernig stendur maður með sjálfum sér og hvernig í ósköpunum fer maður að því að reyna við STELPUR. Hvað dýrategund er það eiginlega!!!!? Það hefur verið frábært að lesa handritið hjá þeim sem er mjög myndið og á sama tíma fræðandi bæði fyrir jafnaldra og ekki síður fyrir foreldra. Við höfum gott af því að skyggjast aðeins inn í hugarheim barnanna okkar. Svo ganga allir út glaðir í hjarta eftir góða sýningu þar sem mikið er hlegið en með þau mikilvægu skilaboð að við erum öll beygluð og viðkvæm á þessum aldri og það er bara allt í lagi að vera eins og maður er. ÍTH hefur nú þegar styrkt verkefnið um 100 þúsund krónur og þeir fengu stuðning frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar til að skrifa handritið í sumar. Við höfum sett okkur í samband við skólaskrifstofu og foreldraráð Hafnarfjarðar sem bæði hafa tekið mjög vel í samstarf.

## Upplýsingar um styrk:

Styrkupphæð:	500.000
Kostnaðaráætlun:	1.870.000
Fylgir kostnaðaráætlun:	Já
Áður sótt um:	Nei
Var styrkur veittur:	Nei

Heiti verkefnis: **Unglingurinn**  
 Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til:

## Umfang verkefnis:

Verkefnið tekur 8 vikur í æfingar og áætlaðar eru 10 sýningar í leikhúsinu og í skólum. Fengist hafa 500.000 í styrki frá einkaaðilum og Gaflaraleikhúsið leggur til um 620.000.

Tekjur/aðgangseyrir:	1.430.000
----------------------	-----------

## Aðrar upplýsingar:

Fylgiskjöl:  
 \*attachments\*

Mál:		Stofnað:	19.9.2013 15:07:32
Málsnúmer:	1309440		